

Viðreisn

16. september 2021

Á síðastliðnu sumri voru 672 bátar á strandveiðum. Veiðarnar eru heimilaðar 4 daga í viku mánudaga – fimmtudaga að hámarki 12 daga í mánuði. Hver veiðiferð er takmörkuð við 14 klst. og eru ekki fleiri en 4 handfærarúllur ætlaðar við veiðarnar. Leyfilegur hámarksafli í hverri veiðiferð eru 650 þorskígildi sem jafngilda 774 kg af óslægðum þorski.

Landssamband smábátæigenda lýsir ánægju með áherslu Viðreisnar:

SKÖPUM SÁTT UM SJÁVAR- ÚTVEGINN


Í aðdraganda 37. aðalfundar LS sem fram fer 14. og 15. október næstkomandi koma félagsmenn svæðisfélaga LS saman til funda. Á þremur fundum sem haldnir voru á Vestfjörðum í upphafi þessarar viku var samhljómur um að LS ítrekaði kröfu smábátæigenda um að festir yrðu í lög 48 dagar til strandveiða. Sé tekið mið af umræðu meðal annarra smábátæigenda má gera ráð fyrir að það sé krafa þeirra allra.

48 daga strandveiðikerfi hefur verið í gildi í fjögur ár. Fyrstu tvö árin, 2018 og 2019, náðist ekki að veiða þann viðmiðunarafla sem ætlaður var til veiðanna. Síðustu tvö árin var þessu öðruvísi farið þar sem afli náði þeim tonnum sem ætluð voru, árið 2020 þann 19. ágúst og 18. ágúst í ár. Strandveiðar voru þá stöðvaðar og náðu því ekki til ágústloka eins og ætlað var.

Veiðar strandveiðibáta eru algjörlega háðar veðri og fiskgengd á grunnslóð. Af þeim sökum geta sveiflur í afla alltaf átt sér stað. Til að gæta fulls jafnræðis milli landshluta verður að tryggja veiðarnar út allt tímabilið.

Hér með er leitað eftir afstöðu Viðreisnar til þess að binda í lög að strandveiðileyfi gildi til veiða í 48 daga, jafnskipt á fjóra mánuði, maí, júní, júlí, ágúst.

Aðrar reglur verði óbreyttar.


Arthur Bogason formaður

Virðingarfyllst


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Viðreisn

Það er gott að heyra að Viðreisn og Landssamband smábátæigenda séu í grunninn sammála í áherslum í sjávarútvegi. Það er mikilvægt að ná fram sanngjörnu auðlindagjaldi, sem byggir á markaðsverði og tryggja eignarhald þjóðarinnar fyrir sjávarauðlindinni í stjórnarskrá með því að tímabinda samninga. Þetta er risastórt hagsmunamál sjávarbyggða, því við sjáum fyrir okkur að þessar tekjur renni til þeirra byggðarlaga sem hafa farið halloka í núverandi kerfi. Að þau fái aukna tekjustofna til að standa undir þjónustu við íbúa í gegnum jöfnunarsjóð.

Við teljum einnig að okkar áherslur auðveldi nýliðun í greininni. Hlutverk strandveiðikerfisins er einmitt að hluta til að byggja upp nýliðun og opna sjávarútveginn fyrir fleirum en þeim sem eiga kvóta.

Hvað strandveiðar varðar þá sjáum við ekki fyrir okkur neinar kollsteypur á því kerfi á meðan við erum að vinna að þessari sátt og risastóra réttlætismáli þjóðarinnar í sjávarútvegi. Í grunninn er kerfið að vinna vel. Það er skiljanlegt að strandveiðimenn vilji hafa fyrirsjáanleika í veiðum sínum, með því að vilja veiða í 48 daga. Áður en Viðreisn getur tekið afstöðu til þess hvort eigi að binda í lög veiðar í 48 daga, þá þarf að meta hvaða áhrif það hefur á heildarafla strandveiða. Ef áhrifin eru óveruleg sér Viðreisn því ekki til fyrirstöðu að tímabinda veiðarnar.